

BORGARSTJÓRN 8. febrúar 2022: Tillaga fulltrúa í ungmennaráði Kjalarness um fjölgun stöðvunarskýla Strætó á Kjalarnesi og betri samrýmingu á strætóleiðum - MSS22020115

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að beina því til stjórnar Strætó bs. að kanna fyrir árslok 2022 möguleika á fjölgun strætóskýla á Kjalarnesi til að auðvelda samgöngur til Mosfellsbæjar og Reykjavíkur auk þess sem nauðsynlegt er að samrýma ferðir leiðar 29 við aðrar leiðir Strætó bs.

Greinargerð

Eins og staðan er núna eiga börn og unglingar í Klébergsskóla erfitt með að taka strætó til Mosfellsbæjar og Reykjavíkur þar sem mörg þeirra stunda íþróttæfingar og annað frístundastarf. Þrátt fyrir að Kjósinn sjálf tilheyri ekki Reykjavíkurborg þá tilheyrir sveitin í Hvalfirði samt sem áður borginni. Ef það er greiðara aðgengi að samgöngum til Reykjavíkur eykur það möguleika ungmenna töluvert á að iðka íþróttir og annað félagslíf. Kjalarnes og ungmenni þeirra tilheyra Reykjavík en fá í raun og veru ekki þau fríðindi sem önnur ungmenni í Reykjavík fá varðandi strætósamgöngur.